



Alþingi  
Erindi nr. P 138/55  
komudagur 4.11.2009

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b/t félags- og tryggingamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. nóvember 2009

0910039SA GB  
Málalykill: 230

### Efni: Umsögn um frv. til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, 77. mál

Sex þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972. Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar framlagningu frumvarpsins, sem er í samræmi við áherslur stjórnar sambandsins. Í maí 2009 sendi sambandið samgönguráðherra bréf þar sem óskað var eftir því að lögin verði felld úr gildi sem fyrst. Málið hefur raunar reglulega verið tekið upp við ráðherra sveitarstjórnarmála og m.a. lagði nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði árið 1998 það til að lögin yrðu afnumin.


Í því erfiða rekstrarumhverfi sem sveitarfélögin glíma nú við er lögð rík áhersla á að skerða ekki grunnþjónustu en hætta eða draga úr stuðningi við önnur verkefni. Ljóst er að orlof húsmæðra telst ekki til grunnþjónustu sveitarfélaga í þeirri mynd sem það er nú framkvæmt. Er það því eindreginn vilji margra sveitarstjórna að lög nr. 53/1972 verði afnumin til að þau geti varið þeim fjármunum sem þeim er samkvæmt lögum skylt að greiða til þessa verkefnis í önnur og brýnni verkefni.

Eins og rakið er í skýringum við frumvarpið hafa allmörg sveitarfélög gert athugasemd við fyrirkomulag húsmæðraorlofs og talið lögin m.a. stríða gegn ákvæðum jafnréttislaga enda njóta karlar ekki sömu réttinda og konur samkvæmt lögnum. Framkvæmd húsmæðraorlofs er einnig á margan hátt áfátt. Þar má m.a. nefna að kostnaðarþátttaka orlofsþega er víða langt umfram það sem lögin heimila og fæstar orlofsnefndir skila lögboðinni ársskýrslu til félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Af hálfu sambandsins er mikil áhersla lögð á að frumvarpið verði að lögum fyrir lok þessa árs og er þess vænst að þinglegri meðferð málsins verði hraðað eins og frekast er kostur til að svo geti orðið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri